

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 11/2004 um reglur ríkisskattstjóra um lækkun fyrirframgreiðslu sérstaks tekjuskatts ársins 2005.

Á árinu 2005 verður sérstakur tekjuskattur lagður á tekjur ársins 2004 samkvæmt ákvæði til bráðabirgða a. IX í lögum nr. 143/2003 um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt. Fyrirframgreiðsla upp í væntanlega álagningu sérstaks tekjuskatts ársins 2005 skal fara fram með fimm jöfnum mánaðarlegum greiðslum mánuðina ágúst 2004 til desember 2004. Fyrirframgreiðslan er ákveðin við álagningu á árinu 2004 og skal vera 4% af tekjuskattstofni umfram 4.191.686 kr. hjá einstaklingi og 8.383.372 kr. hjá hjónum samkvæmt skattframtali ársins 2004 vegna tekna á árinu 2003. Heimilt er gjaldanda að sækja um lækkun fyrirframgreiðslu sem honum hefur verið gert að greiða ef hann getur sýnt fram á að veruleg tekjulækkun hafi orðið hjá honum milli áranna 2003 og 2004.

Ríkisskattstjóri hefur sett eftirfarandi reglur um umsóknir og forsendur fyrir lækkun fyrirframgreiðslu sérstaks tekjuskatts ársins 2005:

1. gr.

Umsókn um lækkun fyrirframgreiðslu ársins 2005 skal vera skrifleg og rökstudd með nauðsynlegum gögnum, þar sem sýnt er fram á að tekjur ársins 2004 muni lækka verulega miðað við tekjuskattstofn umsækjanda við álagningu 2004 á tekjur ársins 2003.

Umsóknin skal hafa borist skattstjóra fyrir 31. desember 2004.

2. gr.

Skattstjóri skal taka umsókn til greina og lækka þegar ákvarðaða fyrirframgreiðslu ef ætla má að hún sé að minnsta kosti 20.000 kr. hærri en yrði við álagningu 2005, ef miðað væri við framlagða tekjuáætlun ársins 2004, sbr. 1. gr.

3. gr.

Skattstjóri skal úrskurða um umsókn skv. 1. gr. innan 15 daga frá móttöku hennar.

Ákvörðun skattstjóra er kæránleg til ríkisskattstjóra innan 30 daga frá dagsetningu úrskurðar skattstjóra. Ríkisskattstjóri skal kveða upp úrskurð sinn innan 15 daga frá því kæra barst honum og skal úrskurður hans vera endanleg úrlausn málsins á stjórnslustigi.

4. gr.

Reglur þessar eru settar með vísan til 8. mgr. ákvæðis til bráðabirgða a. IX í lögum nr. 143/2003 um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt og öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 30. ágúst 2004.

Ingvar J. Rögnvaldsson vararíkisskattstjóri.